


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Hjúkrun fullorðinna 1 HJÚK2HM05	
	Námsáætlun haustönn 2019	

Kennari	Inga Björg Ólafsdóttir	Sk.st.	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um umhyggjuhugtakið og sjálfsþróun ásamt helstu hjúkrunarkenningum og tengslum þeirra við starfsvettvang. Fjallað er um hjúkrunarferli og faglega hjúkrunarskráningu. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með bráða- og langvinna sjúkdóma sem tengjast eftirtöldum kerfum: hjarta- og æðakerfi, öndunarfærakerfi, meltingarkerfi, þvag- og kynkerfum. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með illkynja sjúkdóma. Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar.

Markmið:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hjúkrunarkenningum og tengslum þeirra við starfsvettvang
- umhyggjuhugtakinu og sjálfsþróun
- mikilvægi hjúkrunarskráningar
- áhrifum bráðs og langvinnis heilsubreysts á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- hjúkrun sjúklinga með sjúkdóma í hjarta- og æðakerfi, öndunarfærakerfi, meltingarkerfi, þvag- og kynkerfum
- helstu einkennum illkynja sjúkdóma í þeim líffærakerfum sem fjallað er um í lýsingu
- undirbúningi og eftirmeðferð vegna rannsókna og skurðaðgerða
- þverfaglegri teymisvinnu í meðferð skjólstæðinga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- sýna skjólstæðingi og aðstandendum stuðning og umhyggju
- greina á milli mismunandi hjúkrunarþarfa langveikra, bráðveikra og mikið veikra
- beita viðeigandi hjúkrunarmeðferð fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- beita ólíkum vinnubrögðum við smitgát eftir eðli sjúkdómsástands
- veita sjúklingum og aðstandendum faglega umhyggju og stuðning
- vinna eftir viðurkenndri hjúkrunarskráningu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta hjúkrunarþarfir langveikra, bráðveikra og mikið veikra
- meta og útskýra áhrif bráðs og langvinnis heilsubreysts á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- bregðast við algengum aukaverkunum meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs
- velja milli ólíkra vinnubragða við smitgát eftir eðli sjúkdómsástands
- útskýra algengar aukaverkanir meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- taka þátt í þverfaglegri vinnu í meðferð skjólstæðinga

Námsgögn: Hjúkrun 2. þrep. Hjúkrun fullorðinna. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir ritstjóri, gefin út 2015 af Iðnó. Efni frá kennara, greinar, glærur, heimaverkefni og tímaverkefni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 2 af 2		
Hjúkrun fullorðinna 1 HJÚK2HM05		
Námsáætlun haustönn 2019		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)
34 - 36	Lota 1. Sjálfumönnun (kafla 3), umhyggja við heilbrigðisstörf (kafla 4) og hjúkrunarferlið (kafla 5)
37- 39	Nemendur í verklegu námi (9.sept. – 27. sept.).
40- 46	Lota 2. Hjúkrun sjúklinga með bráða- og langvinna sjúkdóma í hjarta- og æðakerfi (kafla 8), öndunarfærakerfi (kafla 9), meltingarkerfi (kafla 10), þvag- og kynkerfum (kafla 11 og 12).
47- 49	Lota 3. Hjúkrun sjúklinga með illkynja sjúkdóma. Námsefni frá kennara.
49	Undirbúningur fyrir lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Skriflegt próf	Lokapróf í desember.	50%	
Annarpróf	Próf á önninni.	10%	
Kynning	Kynning í tíma.	5%	
Tímaverkefni	Verkefni sem unnin eru í kennslustundum 5-7 stk.	15%	
Verkefni	Dæmisögur/hjúkrunarferli	5%	
Heimaverkefni	Heimaverkefni 2-4 stk.	15%	
		Samtals:	100%
Annað: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag. Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með til hækkunar. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatsþáttum.			

Dagsetning: 21 ágúst 2019

Inga B. Ólafsd
Undirritun kennara

Maria T.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils